



Borgarráð

Reykjavík, 19. ágúst 2025

MSS25080042

Samningateymi um framtíðaraðstöðu Gróðrarstöðvarinnar Markar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf samningateymis um framtíðaraðstöðu Gróðrarstöðvarinnar Markar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf samningateymis um framtíðaraðstöðu Gróðrarstöðvarinnar Markar, ódags.



Reykjavík



[dags]. ágúst 2025
MSS25080042

ERINDISBRÉF

Samningateymi um framtíðaraðstöðu Gróðrastöðvarinnar Markar

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Forsaga málsins er ákvörðun borgarráðs frá 10. júlí 2008 þess efnis að samþykkja stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkinga þegar gildandi lóðarleigusamningur við Gróðrastöðina Mörk myndi renna út árið 2016. Jafnframt samþykkti borgarráð að beina því til páverandi skipulagsráðs að láta kanna möguleika á nýrri staðsetningu Gróðrastöðvarinnar Markar í samráði við eigendur hennar. Fyrirheitið var með fyrirvara um ákvarðanir sem kunna að verða teknar varðandi stækkun athafnasvæðis félagsins í framkvæmda- og eignaráði, skipulagsráði og íþróttasviði. Enn fremur var fyrirvari vegna breytinga á deiliskipulagi.

Fulltrúar borgarinnar munu samhliða viðræðum við eigendur Gróðrastöðvarinnar Markar eiga í viðræðum við Knattspyrnufélagið Víking um uppbyggingu á athafnasvæði félagsins.

Helstu verkefni:

- Að kanna möguleika á nýrri staðsetningu Gróðrastöðvarinnar Markar.
- Að ná samkomulagi um tímalínur breytinga á Stjörnugróf 18 (Markarsvæði).

Samningateymið skipa:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari, formaður

Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfræðiteymi SBB

Steinþór Einarsson, menningar- og íþróttasvið

Sigríður Helga Sigurðardóttir, eigandi Gróðrastöðvarinnar Markar

Guðmundur Vernharðsson, eigandi Gróðrastöðvarinnar Markar

Starfsmaður samningateymisins:

Helena Rós Sigmarsdóttir, eignaskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samningateymið leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Ekki verða greiddar þóknanir fyrir setu í samningateyminu.



Reykjavík



Starfstímabil og skil:

Samningateymið skili tillögum eigi síðar en 31.12.2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík